

Föstudaginn 29. janúar 1988.

Nr. 202/1986. **Ísskip hf.**

(Skúli Pálsson hrl.)

gegn

Svani Jóhannssyni

(Benedikt Sveinsson hrl.)

Vinnusamningur. Sjómannalög. Laun í veikindaforföllum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Bjarni K. Bjarnason og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. júlí 1986 að fengnu áfrýjunarleyfi 10. júní sama ár. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir bera að staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 25.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ísskip hf., greiði stefnda, Svani Jóhannssyni, 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Seltjarnarness 29. janúar 1986.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 19. desember sl., hefur Svanur Jóhannsson, nnr. 8636-2503, Kleppsvegi 128, Reykjavík, höfðað fyrir dóm-inum með stefnu útgefinni 21. janúar 1985 og birtri umboðsmanni stefnda við þingfestingu málsins þann 12. febrúar 1985, á hendur Ísskip hf., nnr. 4833-5402, Austurströnd 1, Seltjarnarnesi.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefnda verið dæmt til að greiða stefn-

anda kr. 20.276,00 auk dráttarvaxta 19% á ári frá 18. febrúar 1984 til greiðsludags og málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Sótt er þing af hálfu stefnda og þær kröfur gerðar að stefnda verði sýknað af öllum kröfum stefnanda og dæmt málskostnaður úr hendi stefnanda.

Sátt hefur verið reynd án árangurs.

Málavextir eru þeir að stefnandi var 2. stýrimaður á ms. Selnesi, sem er eign stefnda. Hinn 3. nóvember veiktist stefnandi og fór í landi af skipinu vegna veikindanna og var hann frá vinnu til 18. febrúar 1984. Í stað stefnanda var ráðinn annar stýrimaður. Stefnandi fékk greidd laun svo sem samningar gera ráð fyrir vegna veikindanna. Hann gerir þær athugasemdir við uppgjörið að hann eigi einnig að fá greidda 19 frídaga, sbr. 8. kafla kjarasamninga stýrimanna frá 1. júlí 1982, sem til hafi fallið fyrstu 2 mánuðina sem hann var frá störfum.

Stefnandi sundurliðar dómkröfur sína þannig:

19 dagar á kr. 956,36	kr. 18.170,09
Orlof 11,59%	“ 2.155,91
Samtals	kr. 20.276,00

Miðað er við launatöflu þá er gildi frá 1. október 1983.

Stefnandi byggir kröfugerð sína á sjómannalögum nr. 67, 1963, 18. gr., einkum 3. mgr., sbr. lög nr. 49, 1980, 1. gr., og kjarasamningi Stýrimannafélags Íslands við atvinnurekendur dags. 12. ágúst 1982.

Dagar þeir sem stefnandi telur að hafi gefið stýrimanni rétt til frídaga voru þessir:

Laugardagarnir 5., 12., 19. og 26. nóvember og 3., 10. og 17. desember 1983, sunnudagarnir 6., 13., 20. og 27. nóvember og 4., 11. og 18. desember 1983 og aðfangadagur og gamlársdagur, sem geri 2 daga, jóladagur og annar í jólum 1983 sem geri 2 daga og nýársdagur 1984.

Stefnandi kveður ms. Selnes ekki hafa komið til heimahafnar allan þennan tíma og frídagarétturinn því ótvíræður, enda hafi staðgengill stefnanda fengið þessa daga greidda.

Stefnandi kveður í máli þessu reynt að fá ótvírætt skorið úr um gildi 18. gr. sjómannalaga um þessa frídaga en í 3. mgr. greinarinnar sé ótvírætt tekið fram að skipverji, sem óvinnufær verði vegna sjúkdóms, skuli „eigi missa neins af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd ...“.

Stefnandi telur þessi ótvíræðu lagaákvæði leiða til þess að sér beri nefndir frídagar. Stefnandi lagði megináherslu á það að samkvæmt 18. gr. sjómannalaga eigi menn að fá nákvæmlega sömu laun og þeir hefðu fengið ef þeir hefðu verið um borð. Stefnandi telur venju að frídagar þessir séu yfirleitt greiddir í peningum.

Af hálfu stefnda er ekki deilt um atvik málsins eða tölulega útreikninga stefnda (sic). Hins vegar er því haldið fram af hálfu stefnda að ákvæði kjarasamnings og sjómannalaga um veikindakaup veiti stefnanda ekki rétt til frídaga ofan á veikindadaga. Af hálfu stefnda er því haldið fram að tilgangur frídagakerfisins sé að skipverjar fái einn frídag fyrir hvern laugardag, sunnudag og helgi- og frídag, sem þeir vinna. Suma þessara frídaga taki menn út í launum en aðra í fríum. Greiðslur fyrir þessa daga teljist hins vegar ekki til venjulegs kaups, hvorki grunnlauna, álaga né tilleggja. Til samanburðar megi geta þess að verði almennur launþegi veikur og standi veikindi yfir helgi eða aðra frídaga, þá komi engar bætur fyrir slíkt, hvorki í greiðslu né úttöku á fríi.

Til stuðnings sýknukröfu visar stefndi til dóms bæjarþings Reykjavíkur í máli nr. 7089/1982 og til greinargerðar með frumvarpi til laga um breytingu á sjómannalögum nr. 67, 1963.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að aðalreglan sé að frídagar séu teknir út í fríum en ekki greiddir.

Alit réttarins:

Fyrir gildistöku laga nr. 49, 1980 varðandi breytingu á 18. gr. laga nr. 67, 1963 fengu farmenn einvörðungu greidd föst mánaðarlaun í veikindaforföllum. En með ofangreindri breytingu á 18. gr. var kveðið svo á að verði skipverji óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla sem hann verður fyrir meðan á ráðningartíma stendur skuli hann eigi missa neins í af launum sínum í hverju sem þau séu greidd ... o.s.frv. Í athugasemdum með frumvarpi að lögum segir að hið nýja orðalag 18. gr. „eigi missa neins í af launum sínum í hverju sem þau eru greidd“, veiti skipverja viðtækari rétt en ákvæði 18. gr. fyrir breytinguna, „rétt til kaups“. Þá segir í athugasemdunum að hið nýja ákvæði sé í samræmi við orðalag 1. mgr. 5. gr. nr. 19, 1979, sbr. og 6. gr. sömu laga, en þessar greinar fjalli um svonefnd staðgengilslaun landverkafólks. Þá segir í athugasemdunum að gagnvart farmönnum felist í þessari breytingu það að þeir eigi, auk grunnkaups og allra fastra álaga á það sem þeir fái nú greitt, rétt til launa fyrir tilfallandi yfirvinnu.

Í 8. kafla kjarasamnings Stýrimannafélags Íslands og skipafélaganna, 8.1.1. segir: „Fyrir hvern laugar-, sunnu-, helgi- og/eða tyllidag utan heimahafnar eða unninn í heimahöfn (Reykjavík, Hafnarfirði, Gufunesi, Skerjafirði, Straumsvík, Keflavík eða Njarðvík), vinnur stýrimaður sér inn einn frídag.“

Í 8.3.1. kjarasamningsins segir: „Þeir innunnir frídagar samkvæmt ofanskráðu, sem ekki hafa verið veittir við afskráningu eða áramót, skulu greiddir með 1/21,67 mánaðarkaupi.“

Upplýst er í málinu að skipafélögin hafa ekki til þessa greitt skipverjum frídaga þessa í veikindaförföllum þeirra. Ekki er upplýst í málinu hvort muni algengara að skipverjar taki út í fríum þessa frídaga eða fái þá greidda, en þó er ljóst að það mun vera misjafnt.

Samkvæmt orðanna hljóðan verður ákvæði 8.1.1. eigi skýrt á annan veg en þann að tilgangur ákvæðisins sé sá að skipverjar fái frí fyrir umrædda daga sem þeir verða eðli starfsins vegna að dveljast fjarri heimahöfn eða vinna við skipið í heimahöfn og bæta þeim þannig þann mun sem er á aðstöðu þeirra og annarra launþega að þessu leyti. Á hinn bóginn sýnist ákvæði 8.3.1. eigi setja því þröngar skorður að frídagar þessir séu teknir út í kaupi.

Í máli þessu er hvorki deilt um málsatvik né útreikning stefnanda á dómkröfu hans.

Deilt er um hvort frídagar þessir séu laun í skilningi 18. gr. laga 67, 1963, sbr. l. nr. 49, 1980. Eins og áður er rakið veitir 3. mgr. 18. gr. sjómannalaga nr. 67, 1963, eins og henni var breytt með lögum nr. 49, 1980, farmönnum mun viðtækari rétt til launa en samkvæmt eldra ákvæði. Áður áttu þeir rétt til grunnkaups og allra fastra áлага á það, en með breytingunni skulu þeir „eigi missa neins í af launum sínum í hverju sem þau eru greidd“. Í athugasemdum með lagafrumvarpinu segir að gagnvart farmönnum felist í þessari breytingu að þeir eigi auk grunnkaups og allra fastra áлага á það, sem þeir fái nú greitt, rétt til launa fyrir tilfallandi yfirvinnu.

Úrslit máls þessa velta á því annars vegar hvort jafna megi frídögum skv. 8. kafla kjarasamnings stýrimanna til launa skv. 3. mgr. 18. gr. sjómannalaga og á hinn bóginn hvort skýra eigi hin tilvitnuðu orð í 18. gr. „eigi missa neins í af launum sínum í hverju sem þau eru greidd“, með hliðsjón af því að í greinargerð með 18. gr. séu tæmandi talin þau tilvik sem greiða beri farmönnum umfram það sem áður tíðkaðist, en í greinargerðinni er aðeins talað um tilfallandi yfirvinnu. Varðandi hið síðastnefnda verður að líta svo á að með hinum tilgreindu orðum í athugasemdum með frumvarpinu, „tilfallandi eftirvinna“, sé ekki verið að þrengja hinn viðtæka rétt skv. 3. mgr. 18. gr., heldur sé verið að leggja áherslu á yfirvinnuna sem mönnum hafi verið efst í huga við lagasetninguna.

Varðandi hið fyrirnefnda, hvort frídagar skv. 8. kafla kjarasamnings stýrimanna teljist til launa skv. 3. mgr. 18. gr. sjómannalaga, er á það að líta að tilgangur frídagakerfisins er að bæta farmönnum upp þar talda daga sem þeir hafa þurft að starfa fjarri heimahöfn meðan aðrir launþegar hafa átt frí.

Það er niðurstaða réttarins að frídagar samkvæmt 8. kafla kjarasamnings Stýrimannafélags Íslands falli undir launahugtak 18. gr. sjómannalaga og skapi skipverja, sem verður óvinnufær, rétt til frídaganna á sama hátt og

staðgengli hans og samkvæmt ákvæði 8.3.1. í kjarasamningi Stýrimannafélags Íslands voru skilyrði fyrir greiðslu frídaganna fyrir hendi í tilfelli stefnanda.

Samkvæmt framanskráðu verður stefndi því dæmdur til að greiða stefnanda kr. 20.276,00 auk 19% ársvaxta frá 18. febrúar 1984 til greiðsludags.

Málskostnaður sem stefndi greiði stefnanda þykir hæfilega ákveðinn kr. 18.000,00.

Mál þetta var fyrst dómtekið 23. maí sl. en endurflutt og dómtekið að nýju hinn 19. desember 1985.

Finnbogi H. Alexandersson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Ísskip hf., nnr. 4833-5402, Austurströnd 1, Seltjarnarnesi, greiði stefnanda, Svani Jóhannssyni, nnr. 8636-2503, Kleppsvegi 128, Reykjavík, kr. 20.276,00 auk 19% ársvaxta frá 18. febrúar 1984 til greiðsludags og kr. 18.000,00 í málskostnað allt innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 29. janúar 1988.

Nr. 200/1986. **Búnaðarbanki Íslands**

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

gegn

protabúi Vörðufells

(Viðar Már Matthíasson hrl.)

Gjaldprotaskipti. Riftun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. júlí 1986. Hann krefst aðallega sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir